



UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Stýrihópur um mótun almennrar eigendastefnu Reykjavíkurborgar

Hröð orkuskipti í Reykjavík - umsögn stýrihóps um mótun almennrar eigendastefnu Reykjavíkurborgar

Á fundi borgarráðs þann 6. janúar 2022 voru lagðar fram tillögur borgarstjóra, dags. 4. janúar 2022, um málsmeðferð fyrir tillögur starfshóps um hröð orkuskipti í Reykjavík, ásamt tillögum um almenna eigendastefnu Reykjavíkurborgar, ásamt fylgiskjölum. Borgarráð samþykkti að vísa tillögunum til umsagnar stýrihóps um mótun almennrar eigendastefnu Reykjavíkurborgar.

Eftirfarandi er umsögn stýrihópsins:

Í fyrirliggjandi drögum að almennri eigendastefnu Reykjavíkurborgar er leitast við að skýra hlutverk, umboð og ábyrgð eigandavalds Reykjavíkurborgar í b-hluta fyrirtækjum (fyrirtækin), fyrirkomulag og þátttöku í ákvörðunum um stefnumörkun og mikilvæg málefni fyrirtækjanna og samskipti við stjórnir, stjórnendur og aðra eigendur. Þannig á eigendastefnan að tryggja gegnsæja, faglega og skilvirka meðferð eigandavalds Reykjavíkurborgar. Þannig snýr eigendastefnan í mikilvægum dráttum að almennri stefnumörkun um hlutverk og skipulag eigandavalds borgarinnar.

Eigendastefnunni er enn fremur ætlað að skýra kröfur Reykjavíkurborgar til skipulags og stjórnarháttar fyrirtækja sem undir stefnuna falla, hvernig stefnumörkun þeirra skal háttáð, áætlanagerð, siðareglur og upplýsingagjöf til eigenda. Þannig eru gerðar almennar kröfur þar að lútandi, sem síðar verður fylgt eftir með innleiðingu í gegnum stofnsamþykktir fyrirtækjanna og eftirfylgni eigandavalds Reykjavíkurborgar á eigenda-/aðalfundum einstakra fyrirtækja.

Í stefnunni er því ekki að finna efnisleg ákvæði eða leiðbeiningar um stefnumörkun í einstökum málaflökkum fyrirtækjanna, enda yrði umfang og efni almennrar eigendastefnu einfaldlega of mikið og eigendastefnan sjálf háð breytingum í hvert sinn sem gerð yrði breyting á einstakri stefnu sem gilda skal um fyrirtækin.

Hins vegar er tryggt aðkoma borgarinnar að stefnumörkun í tilteknum málaflökkum fyrirtækjanna. Þannig verður stefnumörkun stjórna fyrirtækjanna í mikilvægustu málaflökkum háð samþykki eiganda-/aðalfunda fyrirtækjanna og þannig tryggt bein aðkoma eigandavalds Reykjavíkurborgar að stefnumörkun þeirra. Umhverfisstefna er þar á meðal.

Þetta þýðir að ef Reykjavíkurborg tekur ákvörðun um að tiltekin stefna í afmörkuðum málaflökki skuli gilda um b-hluta fyrirtæki, þá hefur eigendavald Reykjavíkurborgar það hlutverk að tryggja að svo sé, s.s. með formlegum samskiptum þar að lútandi við stjórnir fyrirtækjanna og ábendingu um viðeigandi stefnumörkun borgarinnar, og í kjölfarið eftirfylgni eigandavalds með beinni aðkomu á eigenda-/aðalfundi við innleiðingu og samþykki stefnunnar.



Reykjavíkurborg

Fyrirliggjandi stefnumörkun Reykjavíkurborgar við hröð orkuskipti í Reykjavík og þróun hringrásarhagkerfisins á höfuðborgarsvæðinu á vettvangi fyrirtækjanna yrði því samkvæmt fyrirliggjandi drögum að almennri eigandastefnu Reykjavíkurborgar kynnt af hálfu eigandavalds á vettvangi fyrirtækjanna og stjórnnum falið að innleiða hana í stefnumörkun fyrirtækisins, sem síðan yrði háð eftirfylgni og samþykki eigandavalds borgarinnar. Efnisleg ákvæði sem snúa að hringrásarhagkerfinu yrðu hins vegar ekki efnislega hluti af almennri eigandastefnu sem slíkri eins og gert er ráð fyrir í fyrirliggjandi uppbyggingu og efnistöfum, heldur sett upp verklag sem tryggir innleiðingu hennar.

F.h. stýrihóps

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir formaður stýrihóps